



Reglur um refaveiðar í Strandabyggð

Samþykktar í sveitarstjórn Strandabyggðar 15. maí 2012

að viðbættum síðari breytingum 18.maí 2020 og 9. mars 2021

að viðbættum síðari breytingum 8.október 2024

Reglur þessar gilda um veiðar á refum innan sveitarfélagsins Strandabyggðar. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með breytingarreglugerð 297/1997.

Sveitarfélagið Strandabyggð greiðir fyrir refaveiðar samkvæmt skriflegum samningi við veiðimenn.

1. Grenjavinnsla

Skipting veiðisvæða í Strandabyggð er eftirfarandi

- Svæði 1: Stikuháls - Ennisháls
- Svæði 2: Ennisháls - Forvaði
- Svæði 3: Forvaði - Hrófá
- Svæði 4: Hrófá - Grjótá
- Svæði 5: Grjótá - Selá
- Svæði 6: Mórilla - Ísafjarðará

Strandabyggð heldur skrá (nafn grenis og GPS skráningu) yfir þekkt greni og önnur gögn er lúta að grenjaleit. Skrá yfir greni á hverju svæði skal unnin í samráði við veiðimenn. Ráðnir veiðimenn skulu uppfæra grenjaskrár ef ný greni finnast.

1.1 Veiðar

Ráðinn veiðimaður sér sjálfur um búnað til veiðanna. Búnaður skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af.

- Við grenjaleit er ætlast til þess að farið sé á grenstæði sem einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið.
- Ekki er ætlast til að farið sé á grenstæði sem ekki hafa verið í notkun lengi nema vísbendingar séu um óvenjulegan tófugang.
- Ekki er ætlast til að sérstaklega sé leitað að nýjum grenjum nema einhverjar sérstakar vísbendingar séu um ný greni.

1.2 Veiðimenn

Sveitarfélagið Strandabyggð ræður veiðimenn til refaveiða í sveitarfélaginu og gerir við þá skriflega samninga. Samningar eru einungis gerðir við þá sem hafa gilt veiðikort.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Sjái ráðnir veiðimenn ekki sjálfir um grenjaleit og vinnslu að mestu leyti sjálfir verða aðrir fengnir til verksins.

1.3 Veiðitímabil

Grenjaveiðitímabil er frá 1. maí til 31. júlí ár hvert.

Veiðitímabil á hlaupadýrum er frá 1. ágúst til 30. apríl ár hvert.

1.4 Greiðslur

Einungis ráðnum veiðimönnum er greitt fyrir veiðar.

Einungis er greitt fyrir akstur innan Strandabyggðar.

Grenjavinnsla

- Refir kr. 8.000 á dýr án vsk.
- Yrðlingar kr. 2.000 á dýr án vsk.
- Tímakaup: kr. 1.700 per klst. án vsk.
- Akstur kr. 110 per km. án vsk.

Minnkaveiði

- Minkar kr. 3.000 á dýr á vsk.
- Hvolpafull læða kr. 15.000 án vsk.
- Tímakaup kr. 1.700 per kls. án vsk.
- Akstur 110 kr. per km. án vsk.

1.5 Skil og skiladagar

Skila skal skottum af unnum dýrum ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá embætti veiðistjóra. Þar skal koma fram veiðidagur, veiðitími, veiðiaðferð, kyn og litur dýrs. Ávalt skal skrá hvar dýr var veitt til að hægt sé að átta sig á fjölda refa á svæðinu.

Skila skal öllum skottum úr hverju greni fyrir sig í sér plastpoka ásamt merkingum um hvar grenið var staðsett.

Veiðimanni ber að skila til sveitarfélagsins sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna.

Veiðimönnum er skylt að skila GPS punktum af þeim grenjum sem þeir leita á og skýrslu um grenjaleit þar sem fram komi hvaða daga þeir leiti á hvaða greni hvort einhver dýr eru unnin og skrá tíma og kílómetra.

Veiðimenn skulu skila skottum og skýrslum fyrir 15. ágúst ár hvert.

Séu skil á skýrslum og eða önnur atriði ekki í lagi verður ekki greitt fyrir grenjavinnslu.

1.6 Annað



Vakin er athygli á því að á grenjaveiðitímabili sem er frá 1. maí til 31 júlí ár hvert er samkvæmt reglugerð no.437/1995 ásamt síðari breytingum, eingöngu ráðnum veiðimönnum heimilt að stunda refaveiðar og þá eingöngu á því svæði sem þeir eru ráðnir á.

Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna ráðnum veiðimanni um slíka veiði svo fljótt sem auðið er, fyrir þau dýr skal greitt samkvæmt verðskrá fyrir vetrarveiði.

Veiðimenn verða að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til ráðinna veiðimanna s.s. með skýrsluskil.

2. Vetrarveiði /Hlaupadýr

Vegna veiða á hlaupadýrum /vetrarveiði er lögð til ákveðin upphæð frá sveitarfélaginu Strandabyggð á ári tekið verður við öllum hlaupadýrum frá ráðnum refaveiðimönnum og fjölda unnina dýra deilt í upphæðina og greitt samkvæmt útkomuni. Þó verði hámarksupphæð fyrir hvert skott kr. 8.000. Veiðimenn verða ávalt að hafa leyfi landeiganda til vetrarveiða til að fá greitt fyrir hlaupadýr / vetrarveidd dýr. Veiðimenn skila skýrslu um hvar og hvenær dýr væru veidd auk kyns og litar dýrsins.

Veiðimenn skila skottum og skýrslum í síðasta lagi 15. ágúst ár hvert.

Veiðimenn fá einungis greitt fyrir dýr sem veidd eru í Strandabyggð.

2.1. Útburður á æti

Vanda skal til verka við útburð á æti. Hafa skal hæfilega vegalengd milli staða sem borið er út á. Staðsetning og frágangur ætis má ekki valda öðrum sem um landið fara ama eða leiðindum, jafnframt skal staðsetning útburðar vera í samráði við fulltrúa Strandabyggðar, auk þess sem skriflegt samþykki landeiganda þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og allar leifar þess um leið og hætt er að stunda veiðina.

Veiðimaður skal hafa samráð við aðra veiðimenn þegar borið er út æti.

2.2. Greiðslur vegna hlaupadýra

Strandabyggð greiðir vegna hlaupadýra á hverju veiðitímabili fyrir vetrar/hlaupadýr að hámarki 700.000 krónur.

Einungis ráðnum veiðimönnum er greitt fyrir grenjavinnslu og vetrarveiði/ hlaupadýr.